

## Skipulags- og samgönguráð

Ár 2018, miðvikudaginn 29. ágúst kl. 9:07, var haldinn 6. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Aron Leví Beck, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson, Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Sonja Wium, Marta Grettisdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 2, 4-11 og 13. Deildarstjóri Aðalskipulags situr fundinn undir lið 3. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

### (A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24.ágúst 2018.

2. **Hátún 10-14, breyting á deiliskipulagi** (01.234.0) Mál nr. SN180594  
570269-2169 Sjálfsbjörg landssamband hreyfi, Hátúni 12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Sjálfsbjargar Landssambands hreyfihamlaða dags. 21. ágúst 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi hátúns 10-12 vegna lóðarinnar nr. 12 við Hátún. Í breytingunni felst uppbygging á lóð, samkvæmt kynningargögnum ódags. Einnig er lögð fram viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Sjálfsbjargar dags. 19. október 2017. Kynnt.

Fulltrúar Sjálfsbjargar Þorkell Sigurlaugsson, Þorsteinn Fr. Sigurðsson og Tryggvi Friðjónsson og fulltrúi Kanon Halldóra Bragadóttir arkitekt.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, breytt afmörkun landnotkunar, breyting á aðalskipulagi** Mál nr. SN180067

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 6. ágúst 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunar er leiðrétt til samræmis við lóðamörk og núverandi notkun lóða. Tillagan var auglýst frá 6. júlí 2018 til og með 17. ágúst 2018. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur dags. 24. ágúst 2018. Samþykkt með vísan til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur dags. 24. ágúst 2018.

Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Austurbakki 2, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN170918  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík  
690906-1390 Batterið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar f.h. Faxaflóahafna sf. mótt. 12. desember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna lóðar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að bætt verður við nýrri lóð með byggingarreit 14 á Faxagarði fyrir spenn- og rafdreifistöð auk vaktastöðu, samkvæmt uppdr. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 14. ágúst 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs.

5. **Ellidabraut 8-10 og 12, breyting á** (04.772.3) Mál nr. SN180533  
deiliskipulagi

530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík  
660505-2100 Mótx ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur

Lögð fram umsókn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags. 17. júlí 2018 ásamt bréfi dags. 17. júlí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholt vegna lóðanna nr. 8-10 og 12 við Elliðabraut. Í breytingunni felst sameining lóðanna nr. 8-10 og 12 við Elliðabraut í eina lóð, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 27. ágúst 2018. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.  
Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnissjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Hallarmúli 2, breyting á deiliskipulagi** (01.261.1) Mál nr. SN170870  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Yrki arkitekta ehf. mótt. 20. nóvember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar 2 vegna lóðarinnar nr. 2 við Hallarmúla. Breytingin felst í meginatriðum í því að auka leyfilegt byggingarmagn og auka hæðarfjölda á lóðinni með tilliti til aðliggjandi byggðar, í byggingunni verður hótél, leyfilegur hæðarfjöldi verður 5 hæðir með efstu hæðina inndregna frá Hallarmúla en til vesturs stallast byggingin niður í 1 hæð, bílastæði verða fjarlægð af yfirborði lóðarinnar og gerður er bílakjallari, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 15. nóvember 2017, síðast br. 2. mars 2018. Tillagan var auglýst frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Eik fasteignafélag hf. f.h. LF2 dótturfélag dags. 2. maí 2018, Advel lögmenn f.h. Reita-hótela dags. 8. maí 2018, Advel lögmenn f.h. Flugleiðahótela ehf. dags. 8. maí 2018, Landslög f.h. íslenskar Orkuvirkjunar ehf. dags. 9. maí 2018 og Rúnar S. Gíslason lögm. formaður Húsfélagsins Lág múla 5 dags. 9. maí 2018.  
Frestað.

7. **Fossvogshverfi - Stjörnugróf 7-11, breyting** (01.85) Mál nr. SN160479  
á deiliskipulagi

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram tillaga skrifstofu eigna og atvinnuþróunar varðandi breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðanna nr. 7-11 við Stjörnugróf. Í breytingunni felst afmörkun lóða fyrir Stjörnugróf 7 og 9 og gera nýja lóð fyrir Stjörnugróf 11 þar sem heimilt verður að byggja íbúðarkjarna fyrir fatlaða einstaklinga á vegum velferðarsviðs Reykjavíkur, samkvæmt uppdr. A2A arkitekta dags. 2. ágúst 2018.  
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnissjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Kjalarnes, Vallá, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN180550

630191-1579 Stjörnuegg hf., Vallá, 162  
500215-1000 TAG teiknistofa ehf., Flétturima 5, 112 Reykjavík

Lögð fram umsókn Atla Jóhanns Guðbjörnssonar dags. 30. júlí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vallá á Kjalarnesi. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit A til suðurs og vesturs og bæta við nýjum aðkomuvegi samkvæmt uppdrætti TAG teiknistofu ehf. dags. 30. júlí 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnissjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (B) Byggingarmál

9. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,**  
fundargerð

Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 986 frá 28. ágúst 2018.

### (C) Fyrirspurnir

10. **Kjalarnes, Nesvík, (fsp) íbúðabyggð**

Mál nr. SN180353

561215-2000 Nesvík fasteignir ehf., Brautarholti 4, 116 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Nesvík fasteignir ehf. dags. 8. maí 2018 um uppbyggingu íbúðabyggðar í Nesvík á Kjalarnesi, samkvæmt tillögu KRADS ehf. dags. 7. maí 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa 24. ágúst 2018.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Aron Leví Beck og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson taka neikvætt í fyrirspurnina með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2018.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bókar:

„Mikill og viðvarandi skortur hefur verið á íbúðarhúsnæði í Reykjavík síðustu ár. Afleiðingin er að gríðarlegur fjöldi fjölskyldna hefur ekki átt annan kost en að flytjast út fyrir borgarmörkin bæði til suðurs, austurs og vesturs. Þetta sést vel á stöðum eins og Reykjanesbær, Hveragerði, Selfoss, Akranes og víðar. Langflestir brottfluttra sækja eftir sem áður vinnu til Reykjavíkur. Miðflokkurinn fagnar því áformum um uppbyggingu í landi Nesvíkur og telur mikilvægt að greiða leið slíkra áforma, enda mikið hagsmunamál fyrir borgarbúa jafnt og Reykjavíkurborg. Miðflokkurinn mælir því með að fyrirspurnin fái jákvæðar viðtökur, enda fengur að fá 600 íbúða byggð í einu úthverfa borgarinnar“.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir greiða á móti fyrirspurninni bóka:

“Fulltrúar D-lista lýsa yfir vonbrigðum vegna neikvæðrar afgreiðslu þessa erindis. Eðlileg uppbygging á Kjalarnesi er nauðsynleg til að það geti þróast á sjálfbæran og eðlilegan hátt. Óhóflegar takmarkanir á uppbyggingu íbúðarbyggðar hefur verulega neikvæð áhrif á þróun Kjalarness og er í andstöðu við forsendur sameiningar sveitarfélagana fyrir sléttum 20 árum síðan”.

Fulltrúi Flokks fólksins Ásgerður Jóna Flosadóttir bókar:

„Flokkur fólksins harmar þá synjun á uppbyggingu á 600 íbúðum í Nesvík á Kjalarnesi þar sem mikill íbúðaskortur er og hefur verið s.l. ár í Reykjavík mælir Flokkur fólksins með uppbyggingu á umræddu svæði og telur það mjög jákvætt og til framfara að taka jákvætt í hugmyndir um 600 íbúða byggð í Nesvík á Kjalarnesi.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Aron Leví Beck og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka: Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar taka undir niðurstöðu skipulagsfulltrúa. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir talsverðri stækkun Grundarhverfis til vesturs og norðurs. Það þýðir

að á næstu árum verður hægt byggja þar fjölda íbúða. Sú uppbygging mun styrkja Grundarhverfið og skjóta stoðum undir meiri verslun og þjónustu. Það er mikill kostur að sú byggð verður innan vaxtamarka Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Við teljum skynsamlegast að láta þá uppbyggingu ganga fyrir uppbyggingu við Nesvík.

Björn Ingi Edvardsson verkefnissjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Kjalarnes, Hof, (fsp) íbúðabyggð** Mál nr. SN180363  
200252-3229 Eygló Gunnarsdóttir, Brekkugata 13, 220 Hafnarfjörður  
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 11. maí 2018 varðandi uppbyggingu íbúðabyggðar í landi Hofs á Kjalarnesi, samkvæmt tillögu ASK Arkitekta ehf. dags. í apríl 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2018. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2018 samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bókar:

“Mikill og viðvarandi skortur hefur verið á íbúðarhúsnæði í Reykjavík síðustu ár. Afleiðingin er að gríðalegur fjöldi fjölskyldna hefur ekki átt annan kost en að flytjast út fyrir borgarmörkin bæði til suðurs, austurs og vesturs. Þetta sést vel á stöðum eins og Reykjanesbær, Hveragerði, Selfoss, Akranes og víðar. Langflestir brottfluttra sækja eftir sem áður vinnu til Reykjavíkur. Miðflokkurinn fagnar því áformum um uppbyggingu á Kjalarnesi og telur mikilvægt að greiða leið slíkra áforma, enda mikið hagsmunamál fyrir borgarbúa jafnt og Reykjavíkurborg. Miðflokkurinn mælir því með að fyrirspurnin fái jákvæðar viðtökur, enda fengur að fá aukna byggð í einu úthverfa borgarinnar”.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir bóka:

“Fulltrúar D-lista lýsa yfir vonbrigðum vegna afgreiðslu þessa erindis. Eðlileg uppbygging á Kjalarnesi er nauðsynleg til að það geti þróast á sjálfbæran og eðlilegan hátt. Óhóflegar takmarkanir á uppbyggingu íbúðabyggðar hefur verulega neikvæð áhrif á þróun Kjalarness og er í andstöðu við forsendur sameiningar sveitarfélagana fyrir sléttum 20 árum síðan”.

Björn Ingi Edvardsson verkefnissjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (E) Umhverfis- og samgöngumál

12. **Bílastæðastefna, erindisbréf** Mál nr. US180201

Lagt fram erindisbréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. ágúst 2018 varðandi stýrihóp um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum.

13. **Göngugötur 2018, Breyting á göngugötum** Mál nr. US180227  
vegna framkvæmda í Tryggvagötu

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 29. ágúst 2018 varðandi breytingu á göngugötum vegna framkvæmda í Tryggvagötu. Lagt er til að Pósthússtræti verði opnað fyrir umferð allan daginn það sem eftir lifir göngugötutímabilsins í ár svo akandi umferð komist þar um og í Hafnarstræti og Naustina og að lokunarhliði verði komið fyrir í Austurstræti sem hindrar bíla í að komast inn vestari hluta Austurstrætis frá Pósthússtræti. Samþykkt

14. **Göngugötur, skýrsla Maskinu varðandi** Mál nr. US180230  
viðhorf til göngugatna

Kynnt skýrsla Maskínu dags. 24. ágúst 2018, varðandi viðhorf Reykvíkinga til göngugatna.  
Kynnt.

Fulltrúar í skipulags- og samgönguráði bóka:

“Maskína hefur kynnt skipulags- og samgönguráði nýlega skýrslu um viðhorf Reykvíkinga til göngugatna. Fulltrúar ráðsins lýsa ánægju með niðurstöður skýrslunnar. Skýrslan sýnir stöðugleika milli ára og áframhaldandi ánægju meirihluta borgarbúa með fyrirkomulagið. Það vekur athygli að eingöngu 11% borgarbúa lýsa óánægju með göngugötur. Ráðið mun vinna áfram að þróun verkefnisins en hafa í huga sveigjanleika með hliðsjón af sértækum þörfum. Markmiðið verði ætíð að bæta mannlíf og skapa áfram mannvænt umhverfi í miðborg”.

Fulltrúi Maskínu Birgir Rafn Baldursson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (D) Ýmis mál

15. **Golfklúbbur Reykjavíkur**, greinargerð Mál nr. SN170276  
starfshóps varðandi mögulega uppbyggingu á  
svæðinu.

Lögð er fram samantekt Tendra/ Teiknistofunnar Storð, dags. 5.júlí 2018, greining og tillögugerð á fjórum mögulegum uppbyggingareitum innan svæðis Golfvallar Reykjavíkur við Korpúlfsstaði og Grafarholt.  
Kynnt.

Björn Ingi Edvardsson verkefnissjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. **Götuheiti**, Laugardalur, Hólmsheiði, Mál nr. US180196  
Landspítalinn

Lögð fram fundargerð nafnanefndar dags 5. júlí 2018 ásamt tillögum að götuheitum við Landspítalann.  
Tillögum að götuheitum við Landspítalann synjað.

17. **Grettisgata 41**, kæra 99/2016, umsögn, (01.173.1) Mál nr. SN160564  
úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 13. júlí 2016 ásamt kæru þar sem kærð er ákvörðun embættis byggingarfulltrúa um að aðhafast ekki vegna óleyfisframkvæmda á lóð nr. 41 við Grettisgötu. Einnig eru lagðar fram umsagnir skrifstofu sviðsstjóra dags. 26. janúar 2017 og 10. apríl 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 9. ágúst 2018. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 13. júní 2016 um að hafna beitingu þvingunarúrræða vegna byggingar geymsluskúrs á lóðinni nr. 41 við Grettisgötu.

Vísað er frá úrskurðarnefndinni kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 26. júlí 2016, um að veita leyfi til að hækka og endurbyggja ris og byggja staðsteypta viðbyggingu aftan við einbýlishús á lóðinni nr. 41 við Grettisgötu.

18. **Sólheimar 42**, kæra 169/2016, umsögn, (01.435.2) Mál nr. SN160965  
úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og úrskurðarnefndar, dags. 19. desember 2016, ásamt kæru, dags. 16. desember 2016, þar sem kærð er ákvörðun um að samþykkja breytta hagnýtingu séreignar á lóð nr. 42 við Sólheima. Einnig lögð fram umsögn

skrifstofu sviðsstjóra, dags. 15. janúar 2017. Einnig er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 27. júlí 2018. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar frá 30. ágúst 2016 um að veita samþykki fyrir áður gerðri íbúð þar sem áður var tannlæknastofa á jarðhæð fjöleignarhússins að Sólheimum 42.

19. **Lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Umferðaljósastýring**

Mál nr. US180234

Lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi stýringu umferðaljósa. Reykjavíkurborg tók í notkun nýja og fullkomna tölvu til stýringar umferðarljósa árið 2006.

1. Hafa öll umferðarljós í borginni verið tengd tölvunni og ef ekki hvaða umferðarljós eru ekki tengd í dag?

2. Hafa uppfærslur verið gerðar með reglubundnu millibili og hvenær var síðasta uppfærsla framkvæmd.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 12:17**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Gunnlaugur Bragi Björnsson  
Hjálmar Sveinsson  
Hildur Björnsdóttir

Aron Leví Beck  
Eyþór Laxdal Arnalds  
Valgerður Sigurðardóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2018, þriðjudaginn 28. ágúst kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 986. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harpa Cilia Ingólfsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson og Jón Hafberg Björnsson. Fundarritari var Harri Ormarsson.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. **Arnarhlíð 1** (01.629.803) 220841 Mál nr. BN055028  
690518-0820 Kaktus ehf., Langholtsvegi 14, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta hársnyrtistofu í rými 0101 í húsi á lóð nr. 1 við Arnarhlíð.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
2. **Básbryggja 51** (04.024.102) 178662 Mál nr. BN055058  
080152-4429 Hjörtur Pálsson, Básbryggja 51, 110 Reykjavík  
130454-7049 Ragnhildur Guðný Hermannsdóttir, Básbryggja 51, 110 Reykjavík  
191178-4599 Hermann Jakob Hjartarson, Básbryggja 51, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta íbúð 0303 í tvær íbúðir eins og var upphaflega í húsi á lóð nr. 51 við Básbryggju.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
3. **Bergstaðastræti 20** (01.184.011) 102006 Mál nr. BN055021  
100373-5649 Örn Úlfar Höskuldsson, Bergstaðastræti 20, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir nýjum inngöngudyrum, breytingum innanhúss og leyfi fyrir gististað í flokki I, tegund f) heimagisting, í norðvesturhluta 1. hæðar auk þess að sameina 2 eignarhluta í einn í húsi nr. 20 við Bergsstaðastræti.  
Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 20. ágúst 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
4. **Bergstaðastræti 29** (01.184.413) 102073 Mál nr. BN054925  
040474-5019 Guðmundur Aðalsteinsson, Danmörk, Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í húsi á lóð nr. 29 við Bergstaðastræti.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
5. **Bleikjukvísl 11** (04.235.404) 110909 Mál nr. BN054800  
310759-5709 Sigurbjörn Magnússon, Bleikjukvísl 11, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja léttbyggt þak yfir verönd sem tilheyrir tvíbýlishúsi þannig að B rými myndast á lóð nr. 11 við Bleikjukvísl.  
Stækkun B rýmis: 19,7 ferm., 52,9 rúmm.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. júlí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2018.  
Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

6. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN055042  
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049912 og innréttu búningsherbergi í kjallararými -0102 og koma fyrir stigalyftu í gangi -0110 í verslunar- og skrifstofuhúsinu Katrínartún 4 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
7. **Brautarholt 11, Kjal** (32.3--.-99) 188269 Mál nr. BN054970  
201273-4639 Herdís Þórðardóttir, Brautarholt 11, 162  
Sótt er um leyfi til þess að breyta tvöföldum bílskúr í tvö herbergi ásamt snyrtingum og gera gistingu í flokki II - tegund ? í húsi á lóð nr. 11 við Brautarholt á Kjalarnesi.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Synjað.  
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2018.
8. **Eggertsgata 2-34** (01.634.-99) 106682 Mál nr. BN054987  
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053096 þannig að eignum er fjölgað úr fjórum í sex, hurð sett í staðinn fyrir glugga, snyrtingum er breytt og eldhús endurhannað í leikskóladeild í húsum nr. 30, 32 og 34 á lóð nr. 2-34 við Eggertsgötu.  
Bréf hönnuðar sem lýsir breytingum dags. 10. júlí 2018 fylgir erindi.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokheldi.
9. **Fellsmúli 24-30** (01.297.101) 103858 Mál nr. BN054604  
600302-2560 Dalborg hf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur  
681016-1200 Pizzan ehf., Strandgötu 75, 220 Hafnarfjörður  
Sótt er um leyfi til að innréttu veitingastað í flokki I, tegund c í rými 0104, koma fyrir útihurð og leiða loftræstirör á framhlið upp fyrir þakbrún mhl. 01 á lóð nr. 24-26 við Fellsmúla.  
Samþykki frá meðeigendum dags. 27. júlí 2018 og samþykki N1 dags. 21. júní 2018 fylgir Gjald kr. 11.000 + 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.



10. **Fjólugata 19** (01.185.513) 102203 Mál nr. BN053919  
060658-5019 Guðjón Ingi Árnason, Rauðarárstígur 31, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hækka þak, stækka og endurnýja bílskúr og útbúa svalir á hluta þaks, lækka gólf í kjallara, grafa frá suðurhlið og innrétta nýja íbúð þar, breyta aðkomu, byggja nýjar svalir á 2. hæð og í risi, breyta gluggum og innra skipulagi, einangra að utan og klæða með flísum hús á lóð nr. 19 við Fjólugötu.  
Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. september 2017.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 5. desember 2017, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. desember 2017 og minnisblað um brunavarnir dags, 9. nóvember 2017.  
Einnig útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. febrúar 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. febrúar 2018, bréf til nágretta dags. 26. febrúar 2018, samþykki eiganda Sóleyjargötu 17, tveggja eigenda Sóleyjargötu 19, eiganda Sóleyjargötu 17, eins eiganda Sóleyjargötu 15 og eins eiganda Fjólugötu 19A.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. júní 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2018.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2018.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt fyrri umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2018.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 14. ágúst 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
11. **Fjölnisvegur 11** (01.196.506) 102662 Mál nr. BN055016  
601173-0189 Sonja ehf., Gilsbúð 5, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að byggja nýjan kvist á norðurhlið, gera nýjan stiga milli annarrar hæðar og riss, breyta innra fyrirkomulagi og lækka land við suðurhlið húss á lóð nr. 11 við Fjölnisveg.  
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 21. ágúst 2018, minnisblað frá Verkis dags. 2. júlí 2018, minnisblað arkitekta um ástand húss dags. 17. júlí 2018 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. ágúst 2018.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2018.  
Stækkun: 9,9 ferm., 17,1 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og með vísan til athugasemda.
12. **Fossaleytnir 1** (02.456.101) 190899 Mál nr. BN055099  
521009-2170 Knatthöllin ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053669, um er að ræða breytingar á hringstiga, nýtt tæknirými og brunakröfu og hurðum breytt v/öryggisúttektar í íþróttahúsi á lóð nr. 1 við Fossaleytni.  
Erindi fylgir brunahönnun frá EFLU dags. 14. ágúst 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
13. **Friggjarbrunnur 42-44** (05.053.201) 205962 Mál nr. BN055006  
450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048498, um er að ræða breytingu á texta byggingarlýsingar um brunavarnir og stigleiðslum og brunaslöngum í fjölbýlishúsi á lóð nr. 42-44 við Friggjarbrunn.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. **Fylkisvegur 9** (04.364.701) 111278 Mál nr. BN054740  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að setja upp kaldan pott á útisvæði og sameina tvö rými við innilaug til að útbúa skiptiklefa með aðstöðu fyrir fólk með fötlun, á lóð nr. 9 við Fylkisveg.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
15. **Gissurargata 4** (05.113.805) 214854 Mál nr. BN055035  
310579-3009 Halla Gísladóttir, Katrínarlind 8, 113 Reykjavík  
081278-3779 Jón Guðmann Jakobsson, Katrínarlind 8, 113 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, efri hæð einangruð að utan og klædd zinkklæðningu á lóð nr. 4 við Gissurargötu.  
Stærð, A-rými: 345,7 ferm., 1.358,4 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
16. **Grensásvegur 8-10** (01.295.305) 103846 Mál nr. BN055037  
611200-3150 Ísteka ehf., Grensásvegi 8, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053958, um er að ræða minni háttar tilfærslur á innra fyrirkomulagi í lyfjaverksmiðju í mhl. 02 á lóð nr. 8-10 við Grensásveg.  
Erindi fylgir greinargerð um brunapéttingar dags. 21. júní 2018, samþykki eigenda mhl. 02 dags. 6. desember 2017 og minnisblað frá Ísteka dags. 16. ágúst 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
17. **Grettisgata 9A** (01.172.234) 101488 Mál nr. BN055082  
700485-0139 Minjavernd hf., Pósthólf 1358, 121 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að flytja hús af Grettisgötu 17 og setja á nýjan kjallara og gera endurbætur á því ásamt því að byggja viðbyggingu til norðurs á lóð nr. 9a við Grettisgötu. Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 31. júlí 2018 og tölvupóstur með umsögn Borgarsögusafns dags. 31. júlí 2018.  
Stærð: 169,8 ferm., 414,4 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda.

18. **Grettisgata 9B** (01.172.238) 223960 Mál nr. BN055081  
700485-0139 Minjavernd hf., Pósthólf 1358, 121 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að flytja hús af Hverfisgötu 61 og setja á nýjan kjallara og gera endurbætur á því ásamt því að byggja viðbyggingu til norðurs á lóð nr. 9b við Grettisgötu. Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 31. júlí 2018 og tölvupóstur með umsögn Borgarsögusafns dags. 31. júlí 2018.  
Stærð: 171,6 ferm., 414,4 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
19. **Gunnarsbraut 46** (01.247.502) 103383 Mál nr. BN047793  
480607-1980 Neva ehf., Gunnarsbraut 46, 105 Reykjavík  
Sótt er um samþykki á áður gerðum breytingum sem felast í að uppfæra brunavarnir í gististað í flokki II, teg. gistiheimili fyrir 30 gesti í húsi á lóð nr. 46 við Gunnarsbraut. Erindi fylgir bréf frá aðalhönnuði dags. 16. maí 2018.  
Gjald kr. 9.500+11.000.  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
20. **Haukahlíð 5** (01.629.602) 221261 Mál nr. BN055117  
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053796 með því að fjarlægja svalir á suðurhlíð 5. hæðar og breyta innra skipulagi í íbúðum á 5. hæð í mhl. 03 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 5 við Haukahlíð.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
21. **Haukdælabraut 68** (05.114.803) 214810 Mál nr. BN054703  
150477-3799 Hrafnkell Markússon, Marteinslaug 7, 113 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, steinsteypta neðri hæð og með efri hæð úr timbri, klædd trefjasteypu á lóð nr. 68 við Haukdælabraut.  
Stærð: 379,1 ferm., 1.231,1 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
22. **Holtavegur 32** (01.393.---) 176082 Mál nr. BN054910  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að færa starfsmannaaðstöðu og ræstingu í húsi D mhl. 11 í Grasagarðinum í Laugardal á lóð nr. 32 við Holtaveg.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.
23. **Hólmgarður 34** (01.818.307) 108218 Mál nr. BN054900  
620188-1589 Jakobssynir ehf., Gláðheimum 26, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja hæð og ris ofaná núverandi jarðhæð sem helst óbreytt en á efri hæðum verða 10 íbúðir og geymslur í bakgarði við hús á lóð nr. 34 við Hólmgarð.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa dags. 13. júlí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. júlí 2018.  
Stækkun: 879,2 ferm., x rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokheldi.

24. **Hringbraut Landsp.** (01.198.901) 102752 Mál nr. BN055087  
500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík  
540269-6459 Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049127, en aðallega er um að ræða breytingar á opnunum hurða og minni háttar breytingar á innra skipulagi vegna lokaúttektar á sjúkrahótelu á Eiríksgötu 36 á lóðinni Hringbraut Landsp.  
